

REGLUR**um undanþágu frá landsprófi miðskóla.**

Í samræmi við tillögur rektora og skólameistara menntaskólanna, skólastjóra Kennaraskóla Íslands og formanns landsprófsnefndar í bréfi dags. 29. ágúst s. l., eru hér með settar eftirfarandi reglur um undanþágu frá landsprófi miðskóla fyrir nemendur frá Verzlunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum, er æskja inngöngu í menntaskóla eða Kennaraskóla Íslands:

1. Umsækjendur, sem hafa fengið 5.00 eða hærra (Örsted) á verzlunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, og þeir, sem hafa lokið Samvinnuskólaprófi með einkunn 6.00 eða hærra, skulu undanþegnir landsprófi miðskóla.

2. Sá skóli, sem umsækjandi óskar að stunda nám í, ákveður skipun nemandans í 1. eða 2. bekk skólans, samkvæmt mati á undangegnu námi og einkunnum, svo og þeim viðbótarprófum, sem hlutaðeigandi skóli kann að telja nauðsynleg.

Menntamálaráðuneytið, 7. október 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

25. október 1967.

Nr. 183.

REGLUGERÐ**um endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi til togara.****1. gr.**

Frá 1. janúar 1967, skal endurgreiða verðjöfnunargjald af því magni gasolíu og brennsluolíu (fuelolíu), sem togarar nota í veiðiferðum, er styrktar eru úr ríkissjóði skv. 1. málsg. 2. gr. laga nr. 1/1964.

2. gr.

Endurgreiðslur þessar skulu fara fram ársfjórðungslega. Að öðru leyti ákveður stjórn verðjöfnunarsjóðs fyrir olíur og benzín, nánar um framkvæmd og fyrirkomulag endurgreiðslu þessarar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 92/1966 um breytingu á lögum um verðjöfnun á olíu og benzíni nr. 34/1953, og tekur gildi þegar í stað.

Viðskiptamálaráðuneytið, 25. október 1967.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.